



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Samþykkt samnings við Alzheimersamtökin um framtíðarhúsnæði fyrir sértæka dagdvöl

Lagt er til að velferðarráð samþykki að gerður verði meðfylgjandi samningur við Alzheimersamtökin um framtíðarhúsnæði fyrir sértæka dagdvöl, Fríðuhús, og um yfirtöku á rekstri Foldabæjar fyrir konur með heilabilunarsjúkdóm. Samhliða verði aukinn stuðningur við fólk með Alzheimer í heimahúsum meðal annars með sérhæfðu heilabilunarteymi. Tillagan gerir ekki ráð fyrir viðbótarkostnaði.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 6. október 2021 var samþykkt að gengið yrði til viðræðna við Alzheimersamtökin um húsnæði sem myndi henta fyrir dagdvöl sem nú er rekin í Fríðuhúsi að Austurbrún. Jafnframt var samþykkt að móta stefnu fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar að Foldabæ en þar hefur verið rekið sambýli fyrir konur með Alzheimer.

Forsaga málsins er sú að forsvaraðilar Alzheimersamtakanna leituðu til Reykjavíkurborgar í júlí 2020 þar sem samtökin óskuðu eftir því að Reykjavíkurborg útvegaði húsnæði fyrir sérhæfða dagdvöl/þjálfun, Fríðuhús, sem samtökin reka í dag í eigin húsnæði að Austurbrún 31 þar sem til stæði að selja fasteignina. Borgarstjóri fól velferðarsviði og eignaskrifstofu að kanna möguleika á húsnæði fyrir dagdvölinna. Á stjórnarfundum Alzheimersamtakana þann 7. júní 2021 var samþykkt að óska eftir formlegum viðræðum við velferðarsvið Reykjavíkurborgar um að finna starfsemi Fríðuhúss annað húsnæði og erindi þess efnis sent þann 9. ágúst. Samhliða leit að hentugu húsnæði taldi velferðarsvið mikilvægt að kanna nýja notkun á Foldabæ að Logafold 56 en þar hefur verið rekið sambýli fyrir konur með Alzheimer/heilabilun. Heimilið heyrir undir hjúkrunarheimili Droplaugastaði þó rekstur þess falli ekki undir heilbrigðisþjónustu né þurfa íbúar að hafa samþykkt færni- og heilsumat. Í Foldabæ er pláss fyrir átta konur í sérbylum, tvö salerni eru í húsinu fyrir íbúa, eitt á hvorri hæð. Ríkið hefur ekki styrkt reksturinn þrátt fyrir óskir þar að lútandi, þ.e. að heimilið fái daggjöld eins og um dagdvöl væri að ræða. Eftirspurn eftir búsetu í sambýlinu hefur minnkað á undanförunum misserum og er ástæðan fyrst og fremst aukinn stuðningur og þjónusta við fólk í heimahúsi sem gerir fólki kleift að búa lengur heima. Í dag eiga 6 konur lögheimili í Foldabæ.

Að mati velferðarsviðs hentar Foldabær mjög vel fyrir starfsemi dagdvalar og telur sviðið mikilvægt að ganga til samninga við Alzheimersamtökin um nýja notkun á starfseminni að Logafold 46. Forsenda þess samnings er að þær konur sem búa á heimilinu verði þar eins lengi og þær þurfa á að halda. Jafnframt verði unnið að því að þær fái færni og heilsumat þannig að þær komist að á hjúkrunarheimili þegar sú staða kemur upp að þær þurfi meiri umönnun en Foldabær getur veitt. Þar sem Foldabær veitir ekki hjúkrunarþjónustu hafa þær konur sem þar hafa dvalið í nær öllum tilvikum flutt á hjúkrunarheimili þegar heilsufar þeirra hefur kallað á umfangsmeiri þjónustu.

Dagdvalir eru reknar á daggjöldum frá ríkinu en sveitarfélög leggja í mörgum tilfellum til húsnæði. Í 13.gr. laga nr.125/1999 um málefni aldraðra segir að dagdvalir aldraðra séu stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Sérhæfðar dagþjálfanir eru fyrir fólk með heilabilun og byggja á sömu lagagrein og dagdvalir. Þær eru alls sex í Reykjavík, ein í Kópavogi og ein í Hafnarfirði. Allar eru þær reknar með það að markmiði að gera einstaklingum með heilabilun kleift að búa sem lengst heima og viðhalda sjálfsbjargargetu eftir föngum. Alzheimersamtökin reka þrjár af þessum sex í Reykjavík og þar af eina, Maríuhús, í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar, Hrafnista rekur tvær og velferðarsvið Reykjavíkurborgar rekur eina dagdvöl að Vitatorgi.

Þann tíma sem líður frá undirritun samnings og þar til samningurinn tekur gildi skulu samningsaðilar nýta til undirbúnings, m.a. hvað varðar starfsmannamál, lagfæringar á húsnæðinu að Foldabæ ásamt því að undirbúa íbúa og aðstandendur fyrir þær breytingar sem fyrirhugaðar eru. Heimilt er að framlengja samninginn um sex mánuði í senn eða þar til núverandi íbúar hafa fengið viðunandi úrræði.

Stöðugildum Foldabæjar mun fækka frá því sem er í dag þegar samningur tekur gildi 1. september þar sem ekki verður ráðið í stað þeirra sem hætta. Öllum starfsmönnum verður boðið sambærilegt starf á Droplaugarstöðum en Foldabær heyrir undir Droplaugarstaði.

Húsið að Logafold er skráð sem einbýlishús í dag, enda lögheimili þeirra sem þar búa. Þegar Alzheimersamtökin taka yfir rekstur Foldabæjar verður húsnæðið áfram heimili fjögurra kvenna. Samkvæmt byggingarfulltrúa telst dagdvöl ekki umfangsmikil starfsemi og því þarf ekki að geta þess í deiliskipulagi, þ.e. að breyta skráningu á húsnæði úr íbúðahúsi í atvinnuhúsnæði. Sækja þarf þó um leyfi ef breyta á innra skipulagi eða útliti.

Fylgiskjöl:

Drög að samningi um tímabundinn rekstur Foldabæjar og húsnæði fyrr rekstur dagdvalar.

Jafnréttisskimun, dags. 23. maí 2022.